



afla

Lönaðarsvæði í Eldfellshrauni



Tillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015–2035

Kynning á vinnslustigi sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

September 2024

afla

afla



Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Saga og staðhættir	5
3 Breyting á skipulagsgögnum	7
4 Málsmeðferð	10
5 Umhverfismat	11



Unnið af ráðgjafarfyrirtækinu Alta

www.alta.is

alta@alta.is

A1129-018-U02



1 Inngangur

1.1 Aðdragandi


Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015 – 2035 var staðfest þann 10. september 2018. Hér er kynnt, á vinnslustigi, breyting á aðalskipulaginu sem gerir ráð fyrir að landnotkunarreit fyrir athafnasvæði, AT-2 verði breytt í nýtt iðnaðarsvæði, með auðkenni I-4, til þess að geta boðið upp á lóðir undir fjölbreyttari starfsemi en gert er ráð fyrir á athafnasvæðum. Brýn þörf er á lóðum undir iðnaðarstarfsemi í sveitarfélaginu. Vestmanneyjabær hefur samhliða aðalskipulagsbreytingunni hafið undirbúning að gerð nýs deiliskipulags fyrir iðnaðarsvæði á umræddum landnotkunarreit.

1.2 Forsendur og markmið

Meginmarkmið með gerð deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar er að útbúa lóðir fyrir iðnaðarstarfsemi í Vestmannaeyjum ásamt svæði fyrir efnisvinnslu og geymslu jarðefna sem ætluð eru til endurnýtingar. Markmiðið er að iðnaðarsvæðið uppfylli sérstaklega þarfir til atvinnuuppbyggingar í tengslum við fiskeldi og sjávarútveg. Iðnaðarsvæðið verður staðsett að mestu leyti á þegar röskuðu svæði í Eldfellshrauni, þar sem áður var rekin hraunhitaveita.

Í gildandi aðalskipulagi er einnig gert ráð fyrir að lækka svæðið til að draga úr sýnileika iðnaðarsvæðisins frá nálægum útivistar- og ferðamannasvæðum. Þannig megi nýta efni vegna landmótunar í framkvæmdir í Eyjum. Gert er ráð fyrir að lækka meðalhæð svæðisins um u.þ.b. 5-6 m. Efni sem til fellur vegna landmótunar verður m.a. nýtt í uppbyggingu í Viðlagafjöru og manir á nýja iðnaðarsvæðinu.

Mörk nýja reitsins fyrir iðnaðarsvæði víkja aðeins frá mörkum núverandi reits AT-2, eins og sýnt er á mynd 1.1. Í efra hægra horni sést hvernig mörkin eru færð þannig að hluti óraskaðs hraunkambs verður hluti af óbyggðu svæði ÓB-3 í stað þess að vera innan iðnaðarsvæðis. Þannig er hægt að varðveita áskýnd utan frá yfir svæðið. Iðnaðarsvæðið er stækkað til austurs m.v. fyrri mörk athafnasvæðisins til þess að lóðir undir iðnaðarstarfsemi rýmist betur.



Mynd 1.1: svarta línan sýnir mörk nýs iðnaðarsvæðis I-4 og bláa línan sýnir hvernig mörk reits AT-2 voru fyrir breytinguna.

Árið 2022 var samþykkt breyting á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýtt deiliskipulag vegna fiskeldis í Viðlagafjöru. Efnisvinnsla á vegum bæjarins hefur verið staðsett í Viðlagafjöru. Með uppbyggingu fiskeldisins verður þörf fyrir að finna nýjan stað fyrir efnisvinnsluna. Fyrirhugað iðnaðarsvæði í Eldfellshrauni er talið besti kostur fyrir staðsetningu hennar. Stefna bæjarins er að steypustöðvar sem nú eru starfræktar við hafnarsvæðið færast á nýja iðnaðarsvæðið. Þar að auki er gert ráð fyrir að uppbygging laxeldisins muni leiða til afleiddrar atvinnustarfsemi í tengslum við eldið og að nýja iðnaðarsvæðið henti vel undir hana vegna nálægðar við landeldið. Vestmannaeyjabær hefur gert samning við forsvaraðila laxeldis, sem starfrækt verður í Viðlagafjöru, um forgang að nýtingu lóða á um 2 hektara svæði. Tekið verður mið af mögulegri afleiddri starfsemi laxeldisins í deiliskipulagi.

2 Saga og staðhættir

2.1 Gamla hraunhitaveitan

Fyrirhugað iðnaðarsvæði er á Eldfellshrauni og nær m.a. yfir svæði gömlu hraunhitaveitunnar sem var aflögð 1988. Varmi úr nýlega runnu hrauninu frá Heimaeyjargosinu var nýttur til að hita upp vatn fyrir bæjarbúa í hitaveitu sem var í lokuðu hringrásarkerfi. Stórfelldar framkvæmdir hófust vegna hitaveitunnar árið 1977 en reksturinn var alltaf erfiður. Reglulega varð að virkja ný svæði sem olli því að sífellt stærra svæði var tekið undir veituna. Nánast allt yfirborð svæðisins er því nokkuð raskað vegna þessa. Að auki hefur svæðið að hluta verið notað sem tippur fyrir jarðveg sem hefur fallið til við framkvæmdir í Eyjum og sem söfnunarstaður fyrir mold og annan jarðveg sem hefur talist nothæfur.



Mynd 2.1: Yfirborð svæðis, svarta línan sýnir mörk nýs reits 1-4.

2.2 Umhverfi

Svæðið sem breytingin nær til er á Eldfellshrauni, sem rann úr Heimaeyjargosinu 1973. Engar jarðmyndanir eru á svæðinu sem teljast sérstæðar og yfirborð oftast gjall, vikur eða sandur. Yfirborðinu er mikið raskað og er að mestu gróðurlaust. Gróður er aðallega lúpína. Vegna lítils gróðurs er fuglalíf strjált og fábreytt. Hraunið er gropið og



tekur vel við regnvatni.


Engar fornminjar eru þekktar á skipulagssvæðinu enda er hraunið nýtt land. Þarna eru hins vegar minjar um hraunhitaveituna en þær einkennast helst af rörum og leifum af steiptum mannvirkjum frá tíma hitaveitunnar. Engin markverð mannvirki eru á svæðinu.

Svæðið liggur nokkuð opið fyrir vindi og á það sérlega við um ríkjandi vindáttir frá austri. Aðkoma að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er á austurhluta svæðisins, um aðkomuveg frá Eldfellsvegi, sem liggur einnig inn að Viðlagafjöru. Vestan við svæðið er vegslóði sem liggur inn í gíg Eldfells og er talsvert nýttur af ferðapjónustuaðilum.



Mynd 2.2: Loftmynd af stórum hluta svæðisins sem breytingin nær til.

Til þess að marka stefnu um landnotkun sem endurspeglar fyrrgreind áform eru eftirfarandi breytingar gerðar á þéttbýlisupprætti og greinargerð Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035. Þéttbýlisupprætti er breytt á svæði sem afmarkað er með rauðum ramma á mynd 3.1.




3.1 Breytingar á þéttbýlisupphætti

- Athafnavæðisreitur AT-2 Eldfellshraun verður skilgreindur sem iðnaðarsvæði með auðkenni I-4. Mörk landnotkunarreitsins breytast lítillega en svæðið minnkar að norðvestanverðu en stækkar til austurs upp að mörkum hverfisverndarsvæðis HV-6, Þorbjörn. Reitur AT-2 er 15,4 ha en I-4 verður 16,6 ha.
- Reitur ÓB-3, Eldfellshraun, Eldfell og Helgafell minnkar sem nemur stækkun reits I-4 umfram AT-2, úr 311,0 ha í 309,9 ha.



- Þéttbýlismörk eru færð til þannig að þau ná utan um iðnaðarsvæðið I-4.



Mynd 3.2: Hluti af þéttbýlisuppdraetti Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 fyrir breytingu, fyrir ofan, og eftir breytingu landnotkunar í Eldfellshrauni, fyrir neðan. Skali 15.000. Reit fyrir athafnasvæði, AT-2, er breytt í iðnaðarsvæði og fær nýtt auðkenni, I-4. Mörkum reitsins er breytt lítillega. Þéttbýlismörk eru færð utan um reit I-4.





3.2 Breytingar á greinargerð

Skipulagsákvæði aðalskipulagsins eru sýnd hér í töflu, fyrir og eftir breytingu. Breytingar eru sýndar með rauðum texta og það sem felld er út er yfirstrikað.

Athafnasvæði AT-2: Eldfellshraun verður Iðnaðarsvæði I-4: Eldfellshraun

<i>Fyrir breytingu</i>	<i>Eftir breytingu</i>
Landnotkunarflokkur: Athafnasvæði (AT)	Landnotkunarflokkur: Iðnaðarsvæði (I)
Nafn: Eldfellshraun	Nafn: Eldfellshraun
Stærð: 15,4 ha	Stærð: 16,6 ha
Skilmálar: Nýtt athafnasvæði þar sem áður var veitustarfsemi. Á fullbyggðu svæðinu er gert ráð fyrir um 50.000 m ² í atvinnuhúsnæði á einni hæð. Til að draga úr áhrifum vegna ásýndar verður svæðið lækkað og nýtt fyrir efnistöku. Mögulegt efnisnám getur verið á milli 400.000 – 800.000 m ³ . Möguleiki á fiskeldi.	Skilmálar: Nýtt athafnasvæði iðnaðarsvæði þar sem áður var veitustarfsemi. Á fullbyggðu svæðinu er gert ráð fyrir um 50.000 m ² í atvinnuhúsnæði á einni hæð. Til að draga úr áhrifum vegna ásýndar verður svæðið lækkað og nýtt fyrir efnistöku landið mótað og það lækkað í áföngum, áður en uppbygging hefst. Mögulegt efnisnám getur verið á milli 400.000 – 800.000 m ³ . Notast skal við blágrænar ofanvatnslausnir. Möguleiki á fiskeldi.

Óbyggt svæði ÓB-3: Eldfellshraun, Eldfell og Helgafell

<i>Fyrir breytingu</i>	<i>Eftir breytingu</i>
Stærð: 311,0 ha	Stærð: 309,9 ha
Skilmálar: Lítt gróið svæði með gígum, hrauni og öðrum gosefnum. Svæðið er að hluta til raskað og hluti þess hefur verið græddur upp. Mikið um slóða og gönguleiðir. Uppgræðsla hefur verið samkvæmt áætlunum. Svæðið er nýtt til göngu og útivistar. Nýta skal þær gönguleiðir sem fyrir eru eins og kostur er og óheimilt er að gera nýja vegslóða.	Skilmálar: Óbreyttir.



Efnistaka og mannvirkjagerð er óheimil. Hluti af svæðinu er á náttúruminjaskrá.	
--	--

4 Málsmeðferð

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Málið er [nr. 124/2024](#) í skipulagsgátt.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum þann 25. janúar 2024 að auglýsa sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði í Eldfellshrauni. Skipulagslýsingin var kynnt 5.-26. febrúar 2024. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofu Íslands og HS Veitum. Tekið hefur verið mið af ábendingum við mótun tillögunnar. Efni úr umsögnum skilaði sér einnig sem efniviður inn í umhverfismat tillögunnar.

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Umhverfisstofnun.
- Veðurstofan.
- Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- HS-Veitur.
- Vegagerðin.

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er nú kynnt vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035.

Tillagan og umhverfismatsskýrslan verður kynnt almenningi, umsagnaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum. Þar með er þessum aðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við áframhaldandi mótun tillögu um skipulagsbreytinguna. Frestur til að koma á framfæri ábendingum mun koma fram í auglýsingum. Skjölin verða aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, vefmiðlun bæjarmiðla í Vestmannaeyjum og á vef Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is. Þau verða einnig til sýnis í afgreiðslu Ráðhúss



Vestmannaeyja. Hægt er að skila ábendingum í skipulagsgáttinni, mál nr. 124/2024, <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/124>, eða senda á umhverfis- og skipulagsfulltrúa dagny@vestmannaeyjar.is eða á bæjarskrifstofurnar.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi verður tillaga að breytingu á aðalskipulagi fullunnin og lögð fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd og síðan bæjarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar. Þegar breytingartillaga liggur fyrir verður hún send Skipulagsstofnun til athugunar og í kjölfarið verður tillagan auglýst í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, bæjarmiðlum, Lögbirtingarblaðinu, á vef sveitarfélagsins og mun hún liggja frammi á bæjarskrifstofum Vestmannaeyja. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingartíma liðnum verður tillagan afgreidd í umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar. Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

5 Umhverfismat

Helstu breytingar á aðalskipulaginu skv. tillögunni eru að skilgreind nýting svæðisins verður iðnaðarvæði í stað athafnasvæðis, auk lítillegra breytinga á afmörkun svæðisins. Helstu þættir umhverfismats fyrir skipulagsbreytinguna eru áhrif varðandi ásynð og náttúruvernd, náttúrufar, hreinleika lofts, vatns og jarðvegs, og samfélagsáhrif, s.s. umferðaröryggi, hljóðvist og myrkurgæði og áhrif á atvinnulíf.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi fellur ekki undir 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

5.1 Tengsl við aðrar stefnur og áætlanir

5.1.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í umhverfismatinu er til viðmiðunar horft til eftirfarandi áherslna í Landsskipulagsstefnu 2024-2038:

Áhersla C.6: *Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.*



Undir þeirri áherslu eru tilgreind atriði sem tengjast framfylgd við skipulagsgerð í þéttbýli:

Við skipulagsgerð verði hugað að leiðum til að auka fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til styrkleika svæða, sjálfbærrar nýtingar lands og þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. (Þ)

Í skipulagi verði mörkuð stefna um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem tekur mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og þróun til framtíðar. (Þ)

Í skipulagi atvinnusvæða verði tekið mið af því hvernig þau geti nýtt eða styrkt núverandi innviði til að mæta þörfum atvinnulífs og heimila. (Þ)

Í skipulagi atvinnusvæða verði mótuð umgjörð sem stuðlar að því að umhverfi hafi aðdráttarafl og mótaðar áherslur sem atvinnustarfsemi fylgir til að viðhalda því. (Þ)

Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

Framfylgd við skipulagsgerð:

Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn. (D)

5.1.2 Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035

Horft er til samræmis við meginmarkmið aðalskipulagsins, sem eru m.a.:

- Öflug útgerð og fiskvinnsla og góð aðstaða fyrir þessar greinar.
- Vestmannaeyjar eru öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin.
- Sérkenni landslags verði ekki skert með framkvæmdum.
- Stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda og varðveislu náttúru- og menningarminja, þar á meðal gosminja.

Markmið um athafna- og iðnaðarstarfsemi eru m.a.:

- Boðið er upp á athafnasvæði til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar.
- Á athafna- og iðnaðarsvæðum skal vera góð umgengni og umhverfisfrágangur.

5.1.3 Deiliskipulagsáætlanir

Auk aðalskipulagsbreytingar þessarar er unnið að nýju deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið í Eldfellshrauni, sem auglýst verður í kjölfarið. Samhliða gerð deiliskipulagsins verður gerð breyting á mörkum aðliggjandi deiliskipulags fyrir fiskeldi í Viðlagafjöru. Sú breyting verður óveruleg og án grenndarkynningar sbr. 44.



gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5.2 Mat á áhrifum

Breytingar þessar á aðalskipulagi eru í samræmi við meginstefnu aðalskipulagsins, en aðeins er verið að breyta athafnasvæði í iðnaðarsvæði og færa lítillega til mörk svæða. Ekki er verið að skilgreina ný svæði né heldur breyta hlutverkum svæða á hátt sem er á skjön við stefnu í gildandi aðalskipulagi. Áhrif breytinganna eru í takt við það sem búast má við út frá þróun samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Til samanburðar er núllkostur, sem felst í því að halda skipulagi svæðisins óbreyttu.

Gera má ráð fyrir að uppbygging samkvæmt breytingu á aðalskipulagi hafi einkum áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti;

- Ásýnd svæðisins
- Náttúruvernd
- Náttúrufar
- Hreinleiki lofta, vatns og jarðvegs
- Menningarminjar
- Samfélag
 - Umferð og umferðaröryggi
 - Hljóðvist og myrkurgæði
 - Atvinnulíf

Umhverfisáhrif eru metin ýmist jákvæð, neikvæð, hvorki jákvæð né neikvæð eða óviss. Þá er metið hvort áhrifin séu veruleg eða óveruleg. Hvort áhrif eru metin veruleg eða óveruleg getur farið eftir því hvort þau eru staðbundin eða óstaðbundin, afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg.

5.2.1 Ásýnd

Eins og er, er gert ráð fyrir athafnasvæði á svæðinu sem um ræðir og breytingin sem hér er kynnt, þar sem stefna um landnotkun breytist úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði, felur ekki í sér miklar breytingar á ásýnd. Iðnaðarstarfsemi kann þó að fylgja aðeins verri ásýnd en athafnastarfsemi, en t.d. má búast við stærri byggingum og búnaði á iðnaðarsvæði en athafnasvæði.

Reiturinn er nálægt svæðum á náttúruminjaskrá og vinsælum ferðamannastöðum. Mestu ásýndaráhrifin verða þegar horft er frá Eldfelli yfir hraunið og að úteyjum í austri, Bjarnarey og Elliðaey, og til Eyjafjallajökuls. Hætta er á að uppbygging iðnaðarsvæðisins muni draga úr ánægju og upplifun ferðamanna. Því er mikilvægt að umgengni og frágangur á svæðinu sé góður. Mikilvægt er að hugað verði að ásýnd frá



vegi og ferðamannasvæði vestan við iðnaðarsvæði, sem er mikilvægt fyrir núverandi og framtíðaruppbyggingu ferðamannapjónustu.

Í tillögunni er svæðið minnkað lítillega til að vernda hraunkant í vesturenda svæðisins, m.a. til að varðveita ásýnd úr þeirri átt. Í skilmálum reitsins kemur fram að til að draga úr áhrifum vegna ásýndar verður svæðið lækkað áður en uppbygging hefst. Efni sem fellur til við landmótunina verði nýtt við uppbyggingu í Eyjum. Í deiliskipulagi verða settir frekari skilmálar sem stuðla að góðri umgengni og frágangi á svæðinu og til að tryggja sem besta ásýnd frá nálægum útivistar- og ferðamannastöðum. Meðal annars verður gert ráð fyrir jarðvegsmon meðfram svæðinu vestanverðu.

Þessir skilmálar eru í samræmi við áherslu í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 um að í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn, og við markmið aðalskipulagsins um að sérkenni landslags verði ekki skert með framkvæmdum. Einnig eru skilmálarnir un landmótun og nýtingu efnisins í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 um að stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda.

Tillagan telst hafa **neikvæð en óveruleg áhrif** á ásýnd.

5.2.2 Náttúruvernd

Reiturinn sem aðalskipulagsbreytingin nær til er á mikið röskuðu nútímahrauni og er verndargildi hraunsins því lágt. Reiturinn er innan svæðis á C hluta náttúruminjaskrár (svæði nr. 723, Helgafell og Eldfell, aðrar náttúruminjar). Náttúruverndarsvæðinu í heild er lýst sem stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands. Hins vegar hefur landslagið innan reitsins sem aðalskipulagsbreytingin nær til verið mikið raskað (sjá mynd 5.1). Samkvæmt umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulagslýsingu þessarar aðalskipulagsbreytingar verður afmörkun svæðisins örugglega breytt við næstu endurskoðun náttúruminjaskrár vegna gríðarlegs rasks á þessum hluta svæðisins.

Við gerð Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 var farið yfir þau svæði nýja hraunsins sem þóttu sérstæð og þau hverfisvernduð. Ekki þótti ástæða til að hverfisvernda svæði hraunhitaveitunnar en Þorbjörn, sem er rétt austan við svæðið, var hverfisverndaður (HV-6) og rétt vestan við reitinn er hraunsvæði næst Eldfelli hverfisverndað (HV-9). Þar eru jarðmyndanir sérstæðari á meðan svæði hraunhitaveitunnar hefur að mestu verið sléttað.

Ekkert bendir til þess að iðnaðarsvæði hafi önnur áhrif á náttúruvernd en



athafnasvæði. Tillagan telst því hafa **engin áhrif** á verndargildi náttúruminja. Staðsetning iðnaðarsvæðisins á þegar röskuðu svæði er í samræmi við markmið aðalskipulagsins um að stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda og varðveislu náttúru- og menningarminja, þar á meðal gosminja.



Mynd 5.1: Fyrirhugað iðnaðarsvæði sést vinstra megin við veg og þorbjörn, sem nýtur hverfisverndar er til hægri við veginn.

5.2.3 Náttúrufar

Náttúrufar svæðisins einkennist af lítilli gróðurþekju, lágvöxnum gróðri og strjálu og fábreyttu fuglalífi (sjá loftmynd á mynd 5.1). Nokkuð er af lúpínu. Jarðvegurinn er grunnur, næringarsnauður og gropinn. Ríkjandi vistgerð er eyðihraunavist sem er tegund af hraunlendi. Verndargildi vistgerðarinnar er lágt en vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Engin áform eru um að vernda vistgerðina á þessum stað.

Ekkert bendir til þess að iðnaðarsvæði hafi önnur áhrif á náttúrufar en athafnasvæði. Tillagan telst hafa **engin áhrif** á náttúrufar.



Mynd 5.2: Gróðurþekja á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði er mjög lítil og yfirborði hefur verið raskað.

5.2.4 Hreinleiki lofta, vatns og jarðvegs

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir starfsemi sem getur haft mengun í för með sér. Þetta er breyting frá fyrri stefnu um landnotkun sem athafnasvæði, en slík svæði eru fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun.

Iðnaðarsvæðið verður ekki tengt við fráveitukerfi bæjarins heldur verða blágrænar ofanvatnslausnir nýttar til að meðhöndla ofanvatn, þar sem hraunið er gropið og tekur vel við vatni. Rotþrær munu taka við almennri fráveitu innanhúss en fráveita frá starfsemi verður leyst í hverju tilviki fyrir sig, innan lóðar, eftir þörf hverju sinni.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eða, eftir atvikum, aðrir leyfisveitendur munu veita starfsleyfi fyrir allri starfsemi á iðnaðarsvæðinu í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í starfsleyfum verða lögum samkvæmt sett skilyrði m.a. um mengunarvarnir.

Að uppfylltum lögum og skilyrðum í starfsleyfum er talið að tillagan hafi **neikvæð en óveruleg áhrif** á hreinleika lofta, vatns og jarðvegs.

5.2.5 Menningarminjar

Engar fornminjar eru þekktar á skipulagssvæðinu enda er hraunið nýtt land. Þarna eru hins vegar minjar um hraunhitaveituna en þær einkennast helst af rörum og leifum af steiptum mannvirkjum frá tíma hitaveitunnar. Engin markverð mannvirki eru þarna.



Áhrif á menningarminjar eru því **engin**.

5.2.6 Samfélag

Umferð og umferðaröryggi

Svæðið er fjarri íbúðarbyggð og mun umferð innan þess hvorki valda ónæði né skapa hættu. Gera má ráð fyrir þungaflutningum til og frá athafnasvæðis við Vestmannaeyjahöfn eða til hafnarinnar ef um útflutningsvörur er að ræða. Sú umferð mun fara um Strandveg, um miðsvæði bæjarins. Umferð um Strandveg er nú þegar þung en við götuna er ýmis þjónusta, s.s. matvöruverslun og veitingastaðir. Núllkosturinn, óbreytt stefna um landnotkun þar sem gert er ráð fyrir athafnasvæði, veldur einnig aukinni umferð um miðsvæði bæjarins.

Breytingin telst því **ekki hafa áhrif** á umferð og umferðaröryggi.

Hljóðvist og myrkurgæði

Báðum kostum, iðnaðarsvæði og athafnasvæði (núllkosti), fylgir hávaði og birta. Svæðið er í um 650 m fjarlægð frá næstu íbúðarbyggð og í næsta nágrenni svæðisins eru aðeins óbyggð svæði, iðnaðarsvæði og efnistökusvæði. Íbúar munu því ekki upplifa hljóðmengun. Hljóðmengunar kann að gæta á ferðamannasvæðum.

Skilmálar verða settir í deiliskipulagi sem tryggja að ljósmengun dragi ekki úr upplifun fólks af nærliggjandi ferðamannasvæðum þegar myrkurs gætir.

Að skilmálum uppfylltum er talið að breytingin hafi **neikvæð en óveruleg áhrif** á hljóðvist og myrkurgæði, fyrst og fremst á ferðamannasvæðum.

Atvinnulíf

Mikil þörf er á svæði fyrir iðnaðarstarfsemi í Vestmannaeyjum en sem stendur eru engar lausar iðnaðarlóðir á Heimaey. Breytingin er til þess fallin að mæta betur þörf fyrir lóðir þar sem hægt er að hafa fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Breytingin er í samræmi við markmið í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 um uppbyggingu atvinnuhúsnaðis sem tekur mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og þróun til framtíðar og markmið í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 um öfluga útgerð og fiskvinnslu og góða aðstöðu fyrir þessar greinar, og að boðið verði upp á athafnasvæði til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar (sjá nánar í kafla 5.1). Tillagan telst því hafa **jákvæð og veruleg áhrif** á atvinnulíf.

5.3 Niðurstaða mats

Í matinu var landnotkunarstefna um iðnaðarsvæði í Eldfellshrauni borin saman við



núllkost, þ.e. óbreytta stefnu um athafnasvæði í Eldfellshrauni.

Það er niðurstaða matsins að tillagan er talin hafa neikvæð en óveruleg áhrif á ásýnd, og hljóðvist og myrkurgæði, en með því að uppfylla skilmála er hægt að draga úr áhrifunum. Einnig er búist við neikvæðum en óverulegum áhrifum á hreinleika loftsvatns og jarðvegs vegna starfsemi sem kann að hafa í för með sér mengun.

Tillagan telst ekki hafa áhrif á verndargildi náttúruminja, náttúrufar, menningarminjar, eða umferð og umferðarhættu.

Tillagan telst hafa jákvæð og veruleg áhrif á atvinnulíf.